



*Brandur Fróði  
Einarsson*

*Fæddur 21. október 1931  
Dáinn 25. desember 2022*



*Útför frá Akraneskirkju  
Þriðjudaginn 10. janúar 2023*

## **Forspil**

*Ave María*

*Sigvaldi Kaldalóns - Indriði Einarsson*

## **Bæn**

Hærra, minn Guð, til þín,  
hærra til þín,  
enda þótt öll sé kross  
upphæðin mín.

Hljóma skal harpan mín:

∴ Hærra, minn Guð, til þín, ∴:

hærra til þín.

Sofanda sýndu þá  
sólstigans braut  
upp í þitt eilífa  
alföðurskaut.

Hljómi svo harpan mín:

∴ Hærra, minn Guð, til þín, ∴:

hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð  
lukkunnar hjól,  
hátt yfir stund og stað,  
stjörnur og sól,

hljómi samt harpan mín:

∴ Hærra, minn Guð, til þín, ∴:

hærra til þín.

*Adams - Matthías Jochumsson*

## **Ritningarorð**

Blessuð sértu, sveitin mín,  
sumar, vetur, ár og daga.  
Engið, fjöllin, áin þín,  
yndislega sveitin mín,  
heilla mig og heim til sín  
huga minn úr fjarlægð draga.  
Blessuð sértu, sveitin mín,  
sumar, vetur, ár og daga.

Yndislega ættarjörð,  
ástarkveðju heyr þú mína,  
þakkarklökkva kveðjugjörð,  
kveð ég líf þitt, móðir jörð.  
Móðir bæði mild og hörð,  
mig þú tak í arma þína.  
Yndislega ættarjörð,  
ástarkveðju heyr þú mína.

*Sigurður Jónsson*

## **Ritningarorð**


### **Einsöngur**

*Rósín*


*Friðrik Jónsson - Guðmundur Halldórsson*

## **Guðspjall**









## Söngur

### Fylgd

Guðmundur Böðvarsson - Sigurður Ráinar Jónsson

## Minningarorð

Enn ég um Fellaflóann geng,  
finn eins og titring í gömlum streng,  
hugann grunar hjá grassins rót  
gamalt spor eftir lítinn fót.

Hugröck teygist á háum legg  
hvönnin fram yfir gljúfravegg,  
dumbrauðu höfði um dægri ljós  
drúpir hin vota engjarós.

Löngum í æsku ég undi við  
angandi hvamminn og gilsins nið,  
ómur af fossum og flugastraum  
fléttaðist síðan við hvern minn draum.

Mjaðarjurt, hvað þú ert mild og skær,  
mjög er ég feginn, systir kær,  
aftur að hitta þig eina stund;  
atvikin banna þó langan fund:

Handan við Okið er hafið grátt,  
heiðarfugl stefnir í suðurátt,  
langt mun hans flug áður dagur dvín,  
drýgri er þó spö lurinn heim til mín.

Bjarni Guðráðsson frá Nesi -  
Jón Helgason

## Bæn

Sérhver draumur lifir aðeins eina nótt  
sérhver alda rís en hnígur jafnan skjótt  
hverju orði fylgir þögn  
og þögnin hverfur alltof fljótt.

En þó að augnablikið aldrei fylli stund  
skaltu eiga við það mikilvægan fund  
því að tár sem þerrað burt  
aldrei nær að græða grund.

Lítu sérhvert sólarlag,  
sem þitt hinsta væri það.  
Því morgni eftir orðinn dag  
enginn gengur vísum að.

Þú veist að tímans köldu fjötra enginn flýr  
enginn frá hans löngu glímu aftur snýr.  
Því skaltu fanga þessa stund  
því fegurðin í henni býr.

Bragi Valdimar Skúason

## Faðir Vor

### *Almennur söngur*

Nú legg ég augun aftur,	Ég fel í forsjá þína,
ó, Guð, þinn náðarkraftur	Guð faðir, sálu mína,
mín veri vörn í nótt.	Því nú er komin nótt.
Æ, virst mig að þér taka,	Um ljósið lát mig dreyma
mér yfir láttu vaka	og ljúfa engla geyma
þinn engil, svo ég sofi rótt.	öll börnin þín, svo blundi rótt.

*Foersom / Sveinbjörn Egilsson - Matthías Jochumsson -  
P.C. Krossing 1820 P.C. Krossing 1820*

### *Moldun*

#### *Almennur söngur*

Ég lifi' í Jesú nafni,  
í Jesú nafni' eg dey,  
þó heilsa' og líf mér hafni,  
hræðist ég dauðann ei.  
Dauði, ég óttast eigi  
afl þitt né valdið gilt,  
í Kristi krafti' eg segi:  
Kom þú sæll, þá þú vilt.

*Hallgrímur Pétursson*

### *Blessun*

#### *Eftirspil*

*Air*

*J. S. Bach*

*Prestur: sr. Þóra Björg Sigurðardóttir*

*Organisti: Friðrik Vignir Stefánsson*

*Söngur: Kammerkór Akraneskirkju*

*Einsöngur: Anna Björk Nikulásdóttir*

*Útfararþjónusta Akraneskirkju*

*Jarðsett verður í Kirkjugarði Akraness*

*Ástvinir þakka samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum að þiggja  
veitingar í Safnaðarheimilinu Vinaminni að athöfn lokinni*